



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 508. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 20. nóvember þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

SA styðja frumvarpið og mæla með að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Mikilvægt er að draga úr þeirri miklu óvissu sem ríkir meðal launafólks og fyrirtækja í Grindavík.

Á fundi með velferðarnefnd 21. nóvember bentu SA á að umtalsverður kostnaður fellur á atvinnurekendur sem ákveða að greiða starfsfólki sínu áfram laun eftir að starfsemi stöðvast. Við launagreiðslur bætast orlofslaun (10,17 – 13,4%), tryggingagjald (6,35%) og ýmis önnur launatengd gjöld og tryggingar. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að atvinnurekandi fær endurgreitt 11,5% mótframlag í lífeyrissjóð þá stendur eftir um 22% álag sem atvinnurekandi fær ekki endurgreitt.

Fyrir atvinnurekanda sem greiðir laun sem samsvara hámarksendurgreiðslu, kr. 633.000, þá bætast um 140 þús. kr. í orlof og launatengd gjöld. Þessi kostnaður gæti haft áhrif á ákvarðanir einhverra fyrirtækja hversu lengi þau munu treysta sér að greiða sjálf launin. SA mæla með að nefndin taki til skoðunar að tryggingagjald af launum fái endurgreitt með sama hætti og mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Það myndi auðvelda fyrirtækjum enn frekar að greiða sjálf launin í stað þess að starfsfólk sæki um greiðslur beint til Vinnumálastofnunar.

SA gera ekki athugasemdir við takmarkanir í frumvarpinu er lúta að hugsanlegum arðgreiðslum fyrirtækja, en minna á að takmarkanir eiga sér ekki hliðstæðu í lögum um greiðslu launa í sóttkví, sem er áþekkt úrræði og byggir á því að ekki sé fyrir hendi greiðsluskylda af hálfu atvinnurekanda en þeir studdir til að greiða eftir sem áður laun til starfsfólks.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Anna Hrefna Ingimundardóttir